

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

149 löggjafarþing

Þingskjal 305 -274 mál

Ísafirði 15.02.2019.

Fjölmenningarsetur fagnar tillögu um þingsályktun um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

Í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er kveðið á um að það skuli miða að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Þar eru jafnframt tilgreindar 5 stoðir; Samfélagið, Fjölskyldan, Menntun, Vinnumarkaður og Flóttafólk. Innan allra þessara stoða eru sett fram tiltekin markmið sem aðgerðunum er ætlað að ná fram.

Það er mat Fjölmenningarseturs að ef stjórnvöld settu fram yfirgripsmikla heildarstefnu í málaflokknum myndi það styrkja aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda og hjálpa til við að móta uppbyggingu stofnanna sem koma að málefnum innflytjenda.

Fjölmenningarsetur telur að það sé mikil þörf á að styðja við stofnanir til þess að takast á við síkvikar aðstæður innflytjenda á vinnumarkaði, húsnæðismarkaði og varðandi upplýsingagjöf. Þetta á ekki síst við úrræði og bjargir stofnanna á borð við Vinnumálastofnun, Vinnueftirlits, Jafnréttisstofu og Fjölmenningarseturs sem bera hitan og þungan af þjónustu og upplýsingagjöf við innflytjendur eftir komu til Íslands ásamt því að fylgjast með aðstæðum á vinnumarkaði.

f.h. Fjölmenningarseturs,

Rúnar H. Haraldsson, forstöðumaður.

